


# Kennslustund 6 - Músíkmeðferð

## DaDOM netþjálfun fyrir kennara



### Músíkmeðferð

Í þessari kennslustund kynnum við nemendum fagstéttir sem nota tónlist í heilbrigðisþjónustu. Nemendur munu fá innsýn inn í störf músíkmeðferðarfræðingsins, og hvernig samstarf þeirra og umönnunaraðila getur verið. Einnig er sjónum beint að mögulegu hlutverki tónlistarfólks í heilbrigðisþjónustu.



### Hvað er músíkmeðferð?

Músíkmeðferð er sérhæfð meðferð, þar sem háskólamenntaðir músíkmeðferðarfræðingar nota tónlist og hljóð til að ná fram margvíslegum félagslegum, andlegum og líkamlegum markmiðum. Músíkmeðferð getur verið árangursrík í heilbrigðisþjónustu, þar sem hún er einstaklingsmiðuð og í samvinnu við aðrar fagstéttir í heilbrigðisþjónustu og/eða menntakerfinu.

### Hlutverk og starf músíkmeðferðarfræðings.

Músíkmeðferðarfræðingar eru með menntun í músíkmeðferð frá viðurkenndum háskólum. Þeir nýta tónlist markvisst í meðferðarsamböndum til að styðja við þroska, heilsu og vellíðan. Þeir eru sérhæfðir í að hanna tónlistaríhlutanir sem eru öruggar og árangursríkar, sérsniðnar til að ná einstaklingsmiðuðum markmiðum með fjölbreyttum hópi skjólstæðinga. Þessar íhlutanir geta falið í sér söng og hljóðfæraleik eða virka hlustun á tónlist, allt með það að markmiði að styðja við tilfinningalega tjáningu, örva vitsmunalega virkni, stuðla að líkamlegri endurhæfingu og auðvelda félagsleg samskipti.

Músíkmeðferðarfræðingar hafa sérhæfða þjálfun í að nota tónlist í meðferð og einbeita sér eingöngu að meðferðarúrræðum sem byggja á tónlist. Á hinn bóginn gætu hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar notað tónlist til að gera umhverfið notalegra eða eiga jákvæð samskipti við sjúklinga. Notkun hjúkrunarfræðinga á tónlist styður daglega umönnun en kemur ekki í stað sérfræðivinnu músíkmeðferðarfræðinga.

Músíkmeðferðarfræðingar vinna oft með hjúkrunarfræðingum til að veita dýpri tilfinningalegan og andlegan stuðning. Á hjúkrunarheimilum nota þeir kunnáttu sína til að bæta umönnun, sérstaklega fyrir sjúklinga sem eiga við áskoranir eins og heilabilun að etja. Músíkmeðferð veitir þessum sjúklingum leiðir til að tjá sig þegar þeir eiga erfitt með orð.


### Dæmi um músíkmeðferð t.d. á hjúkrunarheimili:

- Hópmeðferð: Virkni, eins og að syngja og spila á hljóðfæri í hóp getur hjálpað mörgum skjólstæðingum í einu, með t.d. áherslu á félagsleg tengsl, tilfinningalegan stuðning og léttu líkamspjálfun.
- Sérniðnir hópar: Fyrir sértækar þarfir, eins og að aðstoða fólk með Parkinson til að styrkja raddbeitingu og öndun.
- Einstaklingsmeðferð: Sérniðin að einstökum þörfum viðkomandi skjólstæðings. Hún getur getur hjálpað við að draga úr kvíða, slá á einmannaleika eða viðhalda virkni.

### Hvenær skal kalla til músíkmeðferðarfræðing?

Músíkmeðferð getur verið gagnleg þegar hefðbundnar leiðir til að hvetja eða virkja skjólstæðinga duga ekki til. Hún hentar oft vel fyrir skjólstæðinga sem njóta tónlistar og þurfa einstaklingsmiðaðar lausnir á sál-félagslegum áskorunum eins og á seinni stigum heilabilunar.

Músíkmeðferðarfræðingar setja markmið sín í samvinnu við aðra heilbrigðisstarfsmenn. Þessi samvinna tryggir að hver tónlistarihlutun sé gagnleg og styðji við heilðræna umönnun skjólstæðingsins.



## Tónlistarfólk á t.d. hjúkrunarheimilum

Tónlistarfólk heimsækja stundum heilbrigðisstofnanir og bæta þannig daglegt umhverfi með tónlistarflutningi sínum. Þessir flytjendur, hvort sem þeir eru einleikarar eða litlir hópar, bæta við sérstöku tónlistarlegu ívafi — oft kallað „kremið á kökuna“ — í umönnunina. Lifandi tónlistarflutningur þeirra veitir kærkomna hvíld frá daglegu amstri og gleður bæði skjólstæðinga og starfsfólk.

Drátt fyrir að þeir starfi sjálfstætt styður tónlistarflutningur þeirra við vinnu heilbrigðisstarfsfólks með því að fylla umhverfið gleði og hátíðleika. Slíkar upplifgandi stundir bjóða upp á afþreyingu en styðja einnig við almenn markmið vellíðunar og tilfinningalegrar þátttöku, sem gerir hverja heimsókn mjög eftirsótta.

## Vinnustaðanotkun - Hvenær á að kalla til músíkmeðferðarfræðing?

Markmiðið er að nemendur greini og skrái raunverulegar aðstæður þar sem músíkmeðferð gæti veitt meðferðarlegan ávinning. Hugsanlegar aðstæður gætu verið þar sem skjólstæðingar:

- Sýna kvíða, óróleika eða einkenni þunglyndis
- Eiga erfitt með samskipti, sérstaklega ef þeir glíma við málstol.
- Eru félagslega einangraðir en vitað er um áhuga á tónlist.
- Sýna jákvæð viðbrögð við tónlist á meðan á umönnun stendur eða í þjálfun ýmiskonar.

Hvetjið nemendur til að hugsa um skjólstæðing sem þeir hafa haft samskipti við í starfsnámi sínu eða lært um í náminu. Látið þá taka saman athuganir sínar og íhuga hvort skjólstæðingurinn myndi njóta góðs af þjónustu músíkmeðferðarfræðings. Ræðið niðurstöðurnar við kennara eða leiðbeinanda.